

AUGLÝSING

um breytingu á Norðurlandasamningi um aðgang að æðri menntun.

Hinn 25. apríl 2018 var í Stokkhólmi gerður samningur um breytingu á Norðurlandasamningi um aðgang að æðri menntun. Í breytingunni felst að samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðgang að æðri menntun, frá 3. september 1996, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21/1997 þar sem samningurinn er birtur, skal gilda ótímabundið þar til um annað er samið.

Samningurinn um breytinguna öðlaðist gildi 26. mars 2020 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Utanríkisráðuneytinu, 23. september 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

UM BREYTINGU Á SAMNINGI MILLI DANMERKUR, FINNLANDS,
ÍSLANDS, NOREGS OG SVÍÞJÓÐAR UM AÐGANG AÐ ÆÐRI MENNTUN

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar (hér eftir nefndir aðilarnir); sem hafa komist að samkomulagi um breytingu á samningi frá 3. september 1996 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðgang að háskólamenntun (hér eftir nefndur samningurinn)

- með erindaskiptum dags. 13. mars 2000 í samræmi við ákvörðun Norrænu ráðherra nefndarinnar dags. 1. júní 1999;
- með erindaskiptum dags. 3. nóvember 2006 í samræmi við ákvarðanir Norrænu ráðherra nefndarinnar dags. 1. desember 2000 og dags. 4. júní 2003 ásamt ákvörðun Norrænu ráðherra nefndarinnar dags. 1. nóvember 2006;
- með samningi dags. 23. apríl 2009, og
- með samningi dags. 31. október 2012, og
- með samningi dags. 2. nóvember 2015
- í samræmi við ákvörðun Norrænu ráðherra nefndarinnar dags. 26. mars 2018

sem telja mikilvægt að breyta og framlengja núgildandi samning; hafa sammælt um eftirfarandi:

1. gr.

Ákvæði 2. mgr. 10. gr. samningsins orðast svo eftir breytingu:
Samningurinn gildir þar til um annað er samið.

2. gr.

Samkomulag þetta tekur gildi 30 dögum eftir að allir aðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu um að þeir hafi samþykkt það.

Samkomulag þetta fellur úr gildi þegar samningurinn fellur úr gildi.

Að því er varðar Færeyjar og Grænland ásamt Álandseyjum öðlast samkomulag þetta gildi þrjátíu dögum eftir að finnska utanríkisráðuneytið hefur fengið tilkynningu um að það gildi fyrir Færeyjar og Grænland ásamt Álandseyjum.

Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum aðilunum um móttöku þessara tilkynninga og um gildistöku samkomulagsins.

3. gr.

Frumriti þessa samkomulags skal komið til vörslu hjá finnska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit af því til hinna aðilanna.

Menntamálaráðherrar Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar undirrita samkomulag þetta. Samkomulagið er gert í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.